



## Gerðarbrunnur 44 – Fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Önnu Sigríðar Einarsdóttur, dags. 14. september 2024, ásamt bréfi, dags. 14. september 2024, um að gera tvær íbúðir í stað einbýlishúss á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn. Einnig lagður fram uppdr. Arkamon, ódags. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa að Gerðarbrunni 46, dags. 14. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt 26 janúar 2006 með síðari breytingum. Heildarskipulagið var endurskoðað og samþykkt í Borgaráði dags. 6 febrúar 2018.

### Umsögn

Líkt og áður kom fram var skipulagið endurskoðað árið 2018 þar sem horft var heildrænt á þróunar möguleika hverfisins. Deiliskipulagið var endurskoðað og meðal annars veitt heimild fyrir að breyta að einbýlishúsum í tvíbýlishús í Gefjunar og lðunnarbrunn, eins var veitt fjölgun íbúða á nokkrum lóðum í núverandi hverfi þar sem raðhúsum var breytt í lítil fjölbýlishús og einnig var heimild veitt fyrir aukaíbúðum í einbýlishúsum.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að heimila aukaíbúð í húsinu sem er með sama fastanúmer og eignin verður enn skráð einbýlishús.

Neikvætt er að breyta deiliskipulaginu og útbúa íbúð með sér fastanúmeri. Grunnskólinn í hverfinu er þéttsetinn og mikilvægt er að halda í fjölbreytileika húsnæðis til að auka blöndun byggðar í hverfinu.

### Niðurstaða

Neikvætt að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan.  
f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri